



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Gunnarsholti, 23. febrúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 427. mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 9. febrúar sl., hvar óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.


Landgræðsla ríkisins starfar eftir lögum nr. 17/1965. Tilgangur þeirra laga kemur fram í 1. gr. en hann er að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp eydd og vangróin lönd. Umsögn stofnunarinnar er skrifuð í ljósi þessa tilgangs laganna.

Almennt

Landgræðsla ríkisins vísar til athugasemda þeirra er hún kom á framfæri vegna frumvarps til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál. Þær almennu athugasemdir eiga og við um þetta mál, enda frumvörpin tvö nátengd um margt.

Ljóst er að uppbygging innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er aðgerð sem ekki þolir bið. Landgræðsla ríkisins telur þó einsýnt að þessi uppbygging muni ekki verða nægjanlega almenn vegna a.m.k. annars af tvennu: 1) Algerlega óljóst er hve margir landeigendur gangi til samninga um sín svæði, sbr. 8. gr. frumvarpsins. 2) Ferðamannaleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannasvæði þarf að skilgreina mjög rúmt svo ekki verði um mjög takmarkaða „blettavernd“ að ræða. Nauðsynlegt er að um almenna, víðtæka, vernd sé að ræða.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins


Birkir Snær Fannarsson, hdl.